

STF-2015-04 Fræðslustígur

Um er að ræða hluta í fræðslustíg sem Hótel Laki er að vinna að í 600 metra radíus í kringum hótelið. Fræðslustígnum er ætlað að kynna sögu, sagnir, fuglalíf, eldsögu og búskaparhætti til forna í Skaftárhreppi. Þegar er í vinnslu kortagerð af svæðinu ásamt hönnun á stígnum.

„*Það gerum við með því að draga fram gamlar og nýjar álfasögur í álfabyggðinni okkar austan við Víkurflóð og gera þeim skil með útgáfu á kortum og skiltum.

*Búið er að vinna stíg að fuglaskoðunarhúsi sem stendur við Víkurflóð en húsið stendur í mýrlendi sem laðar að sér mófugla og vaðfugla ásamt ýmsum andartegundum. Inni í húsinu eru upplýsingar um íslenska fugla ásamt sjónauka til fuglaskoðunar.

*Inni á fræðslustígnum er einnig Bjarnargarður sem er með mestu mannvirkjum síns tíma á Íslandi þar höfum við byggt lítið garðsbrot sem sýnir hvernig garðurinn leit út upphaflega.

*Við Bjarnargarð höfum við komið upp öskulagabyrgi sem er aðgengilegt allan ársins hring en þar má lesa gossögu okkar íslendinga aftur til landnáms. Öskulagabyrgið er aðgengilegt öllum, opið og frítt.

*Á þaki hótelsins okkar höfum við komið upp glerhýsi sem gerir fólki kleyft með góðum hætti að fylgjast með norðurljósum og þar er einnig góð aðstaða til stjörnuskoðunar. Þar eigum við eftir hanna og koma upp upplýsingum um himingeyminn og leyndardóma norðurljósanna.

*Sá þáttur fræðslustígsins sem felur í sér að kynna búskaparhætti til forna er sá þáttur sem við sækjum í styrk til að koma af stað. Um er að ræða byggingu burstabæjar sem stæði stutt frá hótelinu og væri aðgengilegur allan ársins hring. Þar er hugmyndin að koma upp sögustundum, kynningum og fræðslu um hvernig fólk bjó hér áður fyr. Gamli bærinn yrði öllum aðgengilegur og fræðslustundir og sögustundir yrðu auglýstar á öllum ferðamannastöðum í sveitarfélaginu.

Þegar er búið að safna saman þekkingu og efni til húsbyggingarinnar, einnig erum við búin í gegnum árin að safna að okkur gömlum munum sem myndu þarna komast á stað þar sem þeir yrðu aðgengilegir fyrir fólk að njóta.“

Verkefninu var úthlutað kr. 1.500.000.- árið 2015.